

LÍFGEISLAN OG MAGNAN

I

Rússneskur grasafræðingur, Alexander Gurwitsch, fann, 1910 eða þau árin, að ung, vaxandi rót hefir fjaráhrif á gamla rót, þannig, að hún eins og yngist upp og fer einnig að vaxa. Þarna er um lífmagnan að ræða; unga rótin geislar æskuástandi sínu til hinnar gömlu, eða krafti til að framleiða það. Er þetta býsna þýðingarmikil uppgötvun, en þó var henni í fyrstu lítil sem enginn gaumur gefinn, og hafði ég aldrei séð um hana getið, þegar ég nokkrum árum eftir að Gurwitsch var farinn að birta skýrslur um rannsóknir sínar, samdi ritgerð þá, sem prentuð er í Nýal (s. 103-132) með fyrirsögninni: lífgeislan og magnan. Töldu ýmsir menn og ekki ófróðir, fjarstæðu að tala um lífgeislan; en nú er þó svo komið, að það orð, eða réttara sagt hin tilsvarendi útlendu — t. d. Lebensstrahlung — má sjá eigi allsjaldan í vísindalegum ritum. Hafa á þessum síðustu árum náttúrufræðingar af ýmsum tegundum, farið að gefa sig við þessum rannsóknum, og fundið að hinn rússneski vísindamaður hafði rétt að mæla. Ætla ég ekki að fara að segja sögu þeirra rannsókna, en minna má á það sem hinn víðlesni fræðimaður magister V. Þ. Gíslason hefir skrifað um þær í „Lög-rétu“, og á ritgerð eftir dr. A. Koelsch í febrúarhefti hins ágæta náttúrufræðitímarits Kosmos.

II

Afar þýðingarmikill er nú þessi grasafræðilegi undirbúningur undir að skilja, að einn líkami, einn organismus, getur framleitt sitt ástand í öðrum. Eitt af því sem nú má skilja, er hið dulræna ástand, er maðurinn andar ekki, lungun starfa ekki, svo langan tíma að langt getur verið umfram

það er bani mundi hljótast af vanalega, ef öndunin stöðvaðist. Dulfræðingar hafa nefnt þetta innri öndun, og er ekki heppilegt, þar sem maður í því ástandi andar einmitt ekki. En skýringin er sú, að einhver annar andar fyrir hann, og sendir honum eða geislar til hans, hinum nauðsynlegu afleiðingum öndunarinnar. Menn reyni til að hugsa sér, hve mikla þýðingu það mundi hafa fyrir læknisfræðina, að ná vísindalega tökum á þessari aðferð, og geta beitt henni þegar bjarga skal þeim, sem hafa sokkið í sjó, eða byrgst inni í kolanámum, t. d.

III

Annað sem verður nú skiljanlegt, er það hvernig á því stendur, að menn geta soltið heilu hungri langan tíma og verið þó eins og þeir fái fulla næringu. Svo er t. d. um hina frægu Theresu Neumann í Konnersreuth, sem svo lengi hefir verið án matar og drykkjar, að margir hafa talið það kraftaverk, að hún skuli lifa og halda holdum, en aðrir haldið, að um svik ein væri að ræða. Ekki virðist þó nein ástæða til að ætla það. Eru ekki allfá dæmi kunn af þessu tagi, og hefir sumt það fólk verið að staðaldri undir læknishendi. Nobelsverðlaunamaðurinn Ch. Richet, sem lengi var prófessor í lífeðlisfræði við háskólann í París, hefir skrifað grein um þetta efni og segir þar einnig frá eigin athugunum. Hefir Richet haft á heimili sínu fólk til langvinnrar athugunar, sem neytti svo lítils af mat og drykk, að hvergi nærri gat nægt líkamanum til viðhalds, og var þó sem það fengi fulla næringu. Niðurstaða Richets er sú, að auk hinnar vanalegu (normölu) aðferðar til að næra líkamann sé til önnur (abnormal), sem sé hinni gersamlega frábrugðin. Og er ekki vafamál að sú niðurstaða er rétt. Er það magnanin, hinn tilsendi kraftur, sem þar er um að ræða. Verður þetta auðskildara þegar þess er gætt, að í svefni er alltaf (normalt) um magnan að ræða; þar er það tilsendur kraftur, sem hressir líkamann við, og þá einkum heilann og taugakerfið.

IV

Mjög fróðlegt er nú að bera þetta sem vikið hefir verið á, saman við þær fréttir sem fengist hafa af ástandinu eftir dauðann. Hinn endurvaxni (regenereraði) líkami nærast aðallega á magnan, en þó er einnig getið um að neytt sé matar og drykkjar, og virðist það þó vera fullt eins mikið til gamans gert, og af gömlum vana úr lífinu hér á jörðu. En óhætt er að segja það fyrir, að einnig hér á jörðu muni verða breyting í þá átt, að magnan fái meiri þýðingu fyrir viðhald líkamans en verið hefir, en maturinn minni. Mun þá miklu minna af orku mannkynsins fara til framleiðslu matvöru, og annars, sem þangað lýtur, en miklu betur verða vandað til þess, sem menn eta og drekka, en nú gerist. Mun orkan meir beinast að því að afstýra hverskyns sjúkleik og hrörnun, svo að lífið hér á jörðu verði framhaldandi efling, uns náð er þeim þroska, sem þarf til að komast yfir í fullkomnara mannfélag, án þeirrar svívirðingar sem dauði og rotnun er. En góð bending um þá framför í þessu efni, sem nú er í vændum er það, að náttúrufræðingarnir skuli nú vera farnir að tala um lífgeislan og magnan. Fer þá að verða miklu auðveldara en áður, að skilja uppruna lífsins hér á jörðu og samband þess við lífið á stjörnunum. En þá eru tímamót stærri en orðið hafa í sögu mannkynsins áður, þegar þeim skilningi er náð.

18. 3. '31.